

## REGLUGERÐ

### **um (7.) breytingu á reglugerð nr. 104/2010 um gildistöku reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 um sérstakar reglur um hollustuhætti sem varða matvæli úr dýraríkinu.**

#### 1. gr.

Ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið sem vísað er til í I. kafla I. viðauka, skulu öðlast gildi með breytingum og viðbótum sem leiðir af I. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Á grundvelli eftirtalinna ákvárdana sameiginlegu EES-nefndarinnar öðlast eftirfarandi ESB-gerðir gildi hér á landi:

1. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 150/2011 um breytingu á III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 að því er varðar alin og villt veiðidýr og kjöt af öldum og villtum veiðidýrum. Reglugerðin var feld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 75/2012, frá 1. maí 2012. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 59, frá 18. október 2012, bls. 474.
2. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1276/2011 um breytingu á III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 að því er varðar meðhöndlun til að drepa lífvænlega sníkla í fiskafurðum til manneldis. Reglugerðin var feld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 124/2012, frá 14. júlí 2012. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 54, frá 27. september 2012, bls. 1267.
3. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 16/2012 um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 að því er varðar kröfur varðandi frosin matvæli úr dýraríkinu sem ætluð eru til manneldis. Reglugerðin var feld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 104/2012, frá 16. júní 2012. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 59, frá 18. október 2012, bls. 523.

#### 2. gr.

Matvælastofnun og heilbrigðisnefndir sveitarfélaga undir yfirumsjón Matvælastofnunar fara með eftirlit með því að ákvæðum þessarar reglugerðar sé framfylgt í samræmi við 6. og 22. gr. laga nr. 93/1995.

#### 3. gr.

Um brot gegn reglugerð þessari fer samkvæmt 30. gr., 30. gr. a – 30. gr. e og 31. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli.

#### 4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 31. gr. a laga nr. 93/1995 um matvæli, með síðari breytingum.

#### 5. gr.

Reglugerðin öðlast þegar gildi.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 30. október 2012.*

F. h. r.

**Kristján Skarphéðinsson.**

---

*Eggert Ólafsson.*